



## Viðmiðunarreglur um launalaus leyfi

Starfsmenn Fjallabyggðar geta sótt um launalaust leyfi, enda sé umsóknin studd fullnægjandi gögnum. Eftirfarandi reglur gilda þar sem ekki eru í gildi lög eða kjarasamningsákvæði um launalaus leyfi og eru auk þess eftir atvikum til fyllingar á slíkum ákvæðum.

1. Umsókn um launalaust leyfi, studd fullnægjandi gögnum, skal send forstöðumanni með a.m.k. 3 mánaða fyrirvara. Umsóknir sem berast eftir frest verða ekki teknar fyrir og þurfa umsækjendur að leggja fram nýja umsókn. Heimilt er að víkja frá tímafresti séu aðstæður óvæntar eða ófyrirséðar.
2. Leyfið er að öllu jöfnu ekki veitt til lengri tíma en árs. Sama starfsmanni er ekki veitt endurtekið leyfi nema liðin séu að minnsta kosti þrjú ár frá því það var veitt síðast.
3. Að öllu jöfnu skal launalaust leyfi ekki veitt nema starfsmaður hafi að minnsta kosti fimm ára starfsaldur hjá Fjallabyggð.
4. Einungis er veitt launalaust leyfi, þegar til þess liggja ríkar ástæður, sem starfsmanni ber að tilgreina. Þær ástæður sem helst koma til álita eru framlenging á barnsburðarleyfi, leyfi til náms, sem nýtist í starfi, sérstakar fjölskylduástæður og aðrar ástæður, sem til þessara má jafna. Ef starfsmaður hyggst ráða sig í aðra vinnu til lengri tíma en þriggja mánaða er launalaust leyfi að öllu jöfnu ekki veitt.
5. Ef óhjákvæmilegt reynist að ráða starfsmann í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal skriflega frá því gengið við ráðningu að hún sé afleysing til ákveðins tíma og sé þá slitið án uppsagnar.
6. Deildarstjóri getur í samráði við bæjarstjóra veitt launalaust leyfi ef leyfisumsókn er á bilinu 1 – 6 mánuðir. Ákvörðun um veitingu lengri leyfa skal tekin af bæjarráði og skal þá liggja fyrir umsögn viðkomandi forstöðumanns og/eða deildarstjóra.
7. Ef deildarstjórum eða bæjarstjóra þykja sérstök atvik mæla með því að víkja frá framangreindum reglum og veita rýmra leyfi, skulu þeir senda bæjarráði ítarlega greinargerð um málið ásamt tillögu sinni.
8. Vegna þróunar og breytinga á störfum getur starfsmaður sem fær launalaust leyfi ekki með vissu gengið að óbreyttu starfi sínu í lok leyfistímans.
9. Ávallt skal gengið skriflega frá launalaus leyfi þar sem fram kemur hvenær leyfi hefst og hvenær því lýkur. Upplýsingar um launalaus leyfið skulu færðar í starfsferilsskrá.
10. Leyfi til endurmenntunar. (*Hér er miðað við lengra nám*). Miðað skal við að starfsmaður hafi verið í starfi hjá Fjallabyggð í a.m.k. 5 ár og námið hafi augljóslega hagnýtt gildi fyrir viðkomandi starfsmann og nýtist í þeirri stofnun þar sem viðkomandi starfar. Almenna reglan er að leyfi til endurmenntunar er veitt sem ólaunað leyfi. Hámarkslengd leyfis er eitt ár, en starfsmenn geta einnig sótt um leyfi til skemmri tíma.
11. Ef kjarasamningur starfsmanns hefur að geyma ákvæði um betri rétt til launalausra leyfa þá ganga þau ákvæði frammar reglum þessum.



## Viðmiðunarreglur um launuð leyfi

Starfsmenn Fjallabyggðar geta sótt til bæjarráðs um launuð leyfi samkvæmt gildandi kjarasamningsákvæðum, enda sé umsóknin studd fullnægjandi gögnum. Eftirfarandi reglur eru eftir atvikum til fyllingar á slíkum ákvæðum.

1. Launuð leyfi eru veitt skv. gildandi kjarasamningsákvæðum.
2. Ef óhjákvæmilegt reynist að ráða starfsmann í stað þess sem veitt er launuð námsleyfi, skal skriflega frá því gengið við ráðningu að hún sé afleysing til ákveðins tíma og sé þá slitið án uppsagnar.
3. Umsóknum um launuð námsleyfi skal skilað til deildarstjóra eigi síðar en 1. ágúst hvert ár fyrir skólaárið sem hefst árið eftir. Deildarstjóri aflar umsagnar forstöðumanns, eða bæjarstjóra. Deildarstjóri skal skila umsögn sinni um málið til bæjarráðs sem tekur endanlega ákvörðun.
4. Starfsmenn sem eiga lögheimili í Fjallabyggð og starfa hjá sveitarfélaginu geta sótt um heimild til að sækja viðurkennt réttindanám eða starfstengt nám á framhalds- eða háskólastigi samhliða starfi sínu án launaskerðinga, þreyta próf á vinnutíma, sækja starfslotur eða vettvangsnám í allt að 15 daga á ári.  
Krafist er a.m.k.10 ect. eininga.  
Gert er ráð fyrir að námið gagnist í starfi hjá Fjallabyggð, hafi óveruleg áhrif á starf viðkomandi eða að hægt sé að fá fólk til afleysingar, þar sem þess gerist þörf. Starfsmaður greiðir sjálfur kostnað vegna námsins t.d. með framlagi úr starfsmenntunarsjóði síns stéttarfélags
5. Sé nám samþykkt samkvæmt beiðni stofnunar eða yfirmanns í samræmi við sí- og endurmenntunarstefnu stofnunarinnar, skal starfsmaður halda óskertum launum og viðkomandi stofnun greiða þann kostnað sem fellur til vegna námsins, nánari útfærsla kostnaðar verði samkvæmt samkomulagi viðkomandi starfsmanns og yfirmanns stofnunar.
6. Starfsmaðurinn skuldbindur sig til að starfa hjá Fjallabyggð í a.m.k. 2 ár að námi loknu. Að öðrum kosti skal starfsmaður greiða til baka þau laun sem hann hefur fengið frá sveitarfélaginu vegna fjarveru frá vinnu.
7. Námsframvinda og árangur skal vera með eðlilegum hætti og upplýsingum um námsframvindu skal komið til forstöðumanns viðkomandi stofnunar.
8. Fjallabyggð og stofnanir sveitarfélagsins greiðir ekki ferða- og námskostnað. Slíkt á þó ekki við ef námsferð er farin að beiðni eða undirlagi Fjallabyggðar.
9. Námsleyfi eru háð samþykki í fjárhagsáætlun viðkomandi árs.
10. Umsækjandi skal skila staðfestri skólavist fyrir töku námsleyfisins.
11. Ávallt skal gengið skriflega frá launuðu námsleyfi þar sem fram kemur hvenær leyfi hefst og hvenær því lýkur. Gögnum skal skilað til launadeildar.
12. Að loknu námsleyfi skal starfsmaður skila gögnum um námið þar með töldum niðurstöðum prófa til launadeildar sem skráir í mannauðskerfi.